

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 1. apríl 2008 í máli nr. S-75/2008:

Ákærvaldið

(Jón Einarsson fulltrúi)

gegn

Sigurður Eyvald Kristjánssyni

(Stefán Þórarinn Ólafsson hrl.)

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn í Borgarnesi með ákæru 28. janúar 2007 á hendur ákærða, Sigurði Eyvald Kristjánssyni, kt. ..., Heiðarbraut 12 á Blönduósi. Málið var dómtekið 25. mars 2008.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 29. desember 2007, ekið bifreiðinni YF-045, ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum samkvæmt þeim (í þvagi fannst tetrahydrókannabínólsýra), frá Reykjavík áleiðis til Ólafsvíkur og eftir götum Borgarness, þar til á Borgarbraut á móts við Þórðargötu, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn, og með því að hafa haft í fórum sínum 0,34 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni sem fundust í hanskahólfi bifreiðarinnar YF-045 við leit lögreglu sem fram fór eftir að Sigurður var handtekinn vegna fíkniefnaakstursins.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga.“

Ákærði krefst þess að honum verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I.

Laugardaginn 29. desember 2007, laust fyrir kl. 5 að morgni, voru tveir lögreglumenn við umferðareftirlit á lögreglubifreið á Borgarbraut í Borgarnesi. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni YF-045 sem ekið var til norðurs við Þórðargötu. Var ákveðið að kanna ökuréttindi og ástand ökumanns sem reyndist vera ákærði. Í viðræðum lögreglumanna við ákærða vaknaði sá grunur að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna og var hann færður á lögreglustöðina í Borgarnesi til frekari rannsóknar. Við skimun á þvagsýni frá ákærða fékkst jákvæð svörun gagnvart fíkniefnum.

Ákærði heimilaði lögreglu að leita í bifreið sinni auk þess sem hann vísaði lögreglu á tóbaksblandað kannabisefni í hanskahólfi bifreiðarinnar.

II.

Við yfirheyrslu í kjölfar afskipta lögreglu kvaðst ákærði hafa verið að koma frá Reykjavík og vera á leið til Ólafsvíkur. Aðspurður kvaðst ákærði síðast hafa neytt fíkniefna mánudeginum áður, en þá hefði hann reykt kannabis. Þá sagðist ákærði ekki hafa fundið til neinna vímuáhrifa við aksturinn. Loks staðfesti ákærði að hann ætti efni sem voru í bifreiðinni og afsalaði sér þeim til eyðingar.

Fyrir dómi greindi ákærði frá því að hann hefði verið á leið frá Reykjavík til Ólafsvíkur en lögregla hefði stöðvað aksturinn í Borgarnesi. Þaðan hefði hann verið færður á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Aðspurður sagði ákærði að síðast fyrir aksturinn hefði hann reykt hass á mánudeginum áður eða 24. desember. Tók ákærði fram að hann hefði verið allsgáður við aksturinn. Þá játaði ákærði að hafa átt þau fíkniefni sem voru í bifreiðinni.

III.

Í þágu rannsóknar málsins voru blóð- og þvagsýni frá ákærða send til rannsóknar. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 16. janúar 2008 segir meðal annars svo:

Í þvagi fannst Tetrahýdrókannabínólsýra. Tetrahýdrókannabínól var ekki mælanlegt í blóði.

Tetrahýdrókannabínól er hið virka efni í kannabis. Tetrahýdrókannabínólsýra er óvirkt umbrotsefni þess í þvagi. Tetrahýdrókannabínólsýra í þvagi, án þess að tetrahýdrókannabínól sé að finna í blóði, bendir til þess að ökumaður hafi neytt kannabis, en ekki verið lengur undir áhrifum efnisins þegar blóðsýni var tekið.

Tetrahýdrókannabínólsýra er í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýni voru tekin, sbr. 45. gr. a í umferðarlögum, nr. 50/1987, með breytingum.

Fyrir dómi gaf skýrslu Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði, en hann ritaði undir framangreinda matsgerð og staðfesti hana fyrir dómi. Jakob taldi vel hugsanlegt að það efni sem mældist í þvagi ákærða væri vegna hassreykinga fimm dögum áður. Einnig sagði Jakob að ekki væri hægt að fullyrða að einstaklingur væri undir áhrifum þegar tetrahydrókannabínólsýra mældist í þvagi ef tetrahydrókannabínól fyndist ekki jafnframt í blóði. Í því sambandi tók vitnið fram að fyrrgreinda efnið ylli ekki vímuáhrifum.

IV.

Samkvæm 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, svo sem lögnum var breytt með lögum nr. 66/2006, má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. sömu greinar segir síðan að ökumaður teljist vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega ef ávana- og fíkniefni samkvæmt 1. mgr. mælast í blóði eða þvagi hans.

Í málinu liggur fyrir að ákærði ók bifreiðinni YF-045 í umrætt sinn en akstrinum lauk þegar lögregla hafði afskipti af ákærða á Borgarbraut í Borgarnesi. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar reyndust fíkniefni ekki vera í blóði ákærða. Hins vegar fannst tetrahydrókannabínólsýra í þvagini, en það efni er í flokki ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, nr. 233/2002, með síðari breytingum. Ekkert hefur komið fram sem rýrir sönnunargildi matsgerðarinnar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telst sannað að ákærði hafi ekið bifreiðinni þótt hann hafi lögum samkvæmt verið óhæfur til að stjórna henni þar sem ávana- og fíkniefni mældust í þvagi hans. Ákærði verður því sakfelldur fyrir brotið sem varðar við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákærði hefur fyrir dómi kannast við að hafa í umrætt sinn haft í vörslum sínum 0,34 g af tóbaksblönduðu kannabisefni og er játning hans studd sakargögnum. Með þessari skýlausu játningu ákærða er þetta brot hans sannað og varðar það við 1. mgr. 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, nr. 233/2001, með síðari breytingum.

V.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. einnig 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Refsing ákærða, sem er með hreint sakavottorð, þykir hæfilega ákveðin 80.000 króna sekt og komi sex daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki

greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 4. mgr. 102. gr. umferðarlaga verður ákærði sviptur ökurétti í þrjá mánuði, enda þykja engar þær málsbætur fyrir hendi að efni séu til að sleppa sviptingu ökuréttar, sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Loks verður ákærði samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt yfirliti lögreglu um sakarkostnað og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun verjanda, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem nánar greinir í dómsorði. Jafnframt verður ákærði dæmdur til að greiða útlagðan ferðakostnað verjanda.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Sigurður Eyvald Kristjánsson, greiði 80.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi sex daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði 288.264 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefán Ólafsson, hæstaréttarlögmanns, 209.160 krónur.

Benedikt Bogason